



ÁRSSKÝRSLA
SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS
2015



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	6
Lífeyrisgreiðslur	6
Iðgjöld	6
Rekstur og rekstrarkostnaður	6
Tryggingafræðileg athugun	7
Fjármunatekjur og ávöxtun	8
Efnahagur og verðbréfaeign	8
<i>Eignasamsetning tryggingadeildar 31.12.2015</i>	9
Fjárfestingar	9
<i>Yfirlit um innlenda verðbréfaeign – í íslenskum krónum</i>	10
<i>Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – í erlendri mynt</i>	10
<i>Fjárfestingarstefna tryggingadeildar á árinu 2015 og rauntölur 31.12.2015</i>	11
<i>Þróun eignasamsetningar 2005-2015</i>	11
Séreignardeild	11
Lán til sjóðfélaga	12
Áhættustýring	13
Lestur og greining ársreiknings – helstu kennitölur	14
Hluthafastefna	15
Stjórnháttayfirlýsing vegna ársins 2015	16
Stjórn	17
Starfsfólk	17
Ársreikningur 2015	18
Skýrsla stjórnar	20
Áritun óháðs endurskoðanda	21
Áritun tryggingastærðfræðings	22
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	23
Efnahagsreikningur	24
Sjóðstreymi	25
Skýringar	26
Kennitölur	34
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015 – séreignardeild	36
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 – séreignardeild	37
Sjóðstreymi ársins 2015 – séreignardeild	38
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015 – tryggingadeild	39
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 – tryggingadeild	40
Sjóðstreymi ársins 2015 – tryggingadeild	41
Ársreikningur deilda	42
Annual Accounts 2015	46

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra

Eins og undanfarin ár gekk rekstur Sameinaða lífeyrissjóðsins vel á árinu 2015. Þróun flestra verðbréfamarkaða var sjóðnum hagstæð. Ávöxtun innlendra eigna var sérstaklega góð, þó sér í lagi innlendra hlutabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Hrein eign sjóðsins jókst um rúma 15,2 milljarða króna á árinu og var 171,1 milljarður króna í lok ársins. Nafnávöxtun tryggingadeildar sjóðsins var 9,2% sem jafngildir 7,1% raunávöxtun. Meðaltal árlegrar raunávöxtunar sl. 5 ára er 6,0%. Árleg meðalraunávöxtun frá stofnun sjóðsins er 4,0%.

Ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði töluvert á árinu en þrátt fyrir það eru enn ágæt fjárfestingartækifæri á skuldabréfamarkaði. Megináherslan í fjárfestingum sjóðsins er í verðtryggðum skuldabréfum til langs tíma, einkum skuldabréfum útgefnum af Lánasjóði sveitarfélaga, skuldabréfum með fasteignaveði og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Samkvæmt uppgjorsreglum sjóðsins fyrir árið 2015 eru markaðsskuldabréf, eins og t.d. íbúðabréf og ríkisbréf, færð á upphaflegri kaupkröfu í bókhald sjóðsins. Óinnleystur og ófærður hagnaður af markaðsskuldabréfaeign sjóðsins var áætlaður um 4,8 milljarðar króna um síðustu áramót. Árið 2016 verður starfsemi sjóðsins gerð upp samkvæmt nýjum uppgjorsreglum og því viðbúið að hluti af óinnleystum gengishagnaði verði færður til tekna í bókhald sjóðsins. Nokkur atriði í ársreikningi 2015 taka þó mið af nýjum reglum og ber helst að nefna að nýr liður er kominn í skýringar þar sem greint er frá þóknun til eignastýringaraðila.

Gengi íslenskra hlutabréfa hækkaði verulega árið 2015 en ávöxtun þeirra hefur verið mjög góð undanfarin fjögur ár. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um rúm 43% á árinu og heildarvísitala Kauphallarinnar um 40% en sú vísitala inniheldur mun fleiri félög en Úrvalsvísitalan. Þrjú ný félög voru skráð á aðallista Kauphallarinnar, fasteignafélögin Reitir og EIK og Síminn hf. Stærstu einstöku eignir sjóðsins eru hlutabréf í Framtakssjóði Íslands slhf., Icelandair Group hf., Össuri hf. og Marel hf. Listi yfir eignarhluta Sameinaða lífeyrissjóðsins í innlendum hlutafélögum er á bls. 31.

Heimsvísitala hlutabréfa stóð því sem næst í stað á árinu, bæði mæld í íslenskum krónum og dollurum. Framan af árinu hækkaði hlutabréfaverð en um mitt ár gaf kínverski hlutabréfamarkaðurinn tóninn fyrir lækkanir á nánast öllum

erlendum hlutabréfamörkuðum. Þegar árið var gert upp höfðu hækkanir fyrri hluta árs gengið til baka.

Iðgjöld til sjóðsins, að meðtöldum séreignarsparnaði, námu 6.147 milljónum króna sem er 7,7% aukning frá árinu áður. Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar námu 4.892 milljónum króna sem er 9,0% aukning frá 2014. Hækkun á milli ára er að mestu komin til vegna fjölgunar lífeyrisþega. Allur lífeyrir deildarinnar er verðtryggður en vísitala neysluverðs hækkaði um 2% á árinu 2015.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2015 styrktist all nokkuð frá fyrra ári og var neikvæð um 0,4% í árslok sem er vel innan þeirra heimilda sem lög leyfa. Stjórn sjóðsins telur ekki tilefni til endurskoðunar lífeyrisréttinda á ársfundi 2016.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn hefur kappkostað að rækja eigendaskyldur sínar í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hluthafastefnan hefur nú verið send ásamt kynningarbréfi til félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í. Þá hefur verið gengið frá enskri útgáfu til kynningar gagnvart erlendum fjárvörsluaðilum. Sjóðurinn átti sömuleiðis fundi með fulltrúum nokkurra stærstu félaga í eignasafni sjóðsins þar sem stefnunni var fylgt úr hlaði og áherslur sjóðsins skýrðar. Á aðalfundi félaga hefur sjóðurinn stutt breytingartillögur annarra hluthafa, þ.m.t. um skýrari afmörkun og tilgang svonefndra endurkaupaáætlana félaga vegna kaupa á eigin bréfum. Þá beitti sjóðurinn sér fyrir kjöri fulltrúa í stjórnir nokkurra félaga.

Á árinu kom út rannsókn á vegum OECD um nægjanleika lífeyrissparnaðar. Samkvæmt rannsókninni uppfyllir Ísland ágætlega stefnumarkandi tilmæli OECD um uppbyggingu lífeyriskerfa. Ísland sker sig úr að því leyti að innan fárra áratuga munu nærri 77% af lífeyrisgreiðslum, að öllu öðru óbreyttu, koma úr sjóðum sem safnað hafa eignum til að greiða lífeyri. Jafnframt kemur þar fram að greiðslur lífeyrissjóðanna munu hækka á komandi áratugum og að samanlagður lífeyrir frá sjóðunum og almannatryggingum verði að jafnaði um þriðjung hærri en hjá þeim sem nýlega hófu töku lífeyris. Þá kemur einnig fram að þeir sem hafa verið virkir á vinnumarkaði í



Hrein eign sjóðsins jókst um rúma 15,2 milljarða króna á árinu og var 171,1 milljarður króna í lok ársins.

40-45 ár, munu ná öllum viðmiðum um nægjanleika lífeyrissparnaðar. Þetta gildir hins vegar ekki um þá sem af ýmsum ástæðum hafa ekki greitt nægilega lengi í lífeyrissjóð.

Á árinu ákvað stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins að rýmka lánsrétt á þann veg að allir sem hafa einhvern tímann greitt iðgjöld til Sameinaða lífeyrissjóðsins eiga nú rétt á láni frá sjóðnum að uppfylltum lána- og verklagsreglum. Lántökugjald er 15.000 krónur óháð lánsfjárhæð sem er með því lægsta sem er í boði á húsnæðismarkaðnum í dag. Ekkert uppgreiðslugjald er á sjóðfélagalánum. Lánstími er allt að 40 ár og veðhlutfall allt að 65%.

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um lækkun húsnæðisskulda heimila í landinu hélt áfram á árinu. Annars vegar var um að ræða lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar skattaívilnun vegna ráðstöfunar séreignarlífeyrissparnaðar inn á lán, sem tekin voru vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Heimild til skattfrjálsra inngreiðslna á lán úr séreignarsparnaði eða innborgun á sérstakan húsnæðissparnaðarreikning, er tímabundin og mun ljúka um mitt ár 2017. Samfara áframhaldandi hækkun á húsnæðisverði munu aðgerðirnar hafa jákvæð áhrif á útlánasafn sjóðsins í formi bættrar veðstöðu. Sjóðurinn hefur hvatt alla sem greiða í séreignarsparnað og tók hafa á að nýta sér þennan valkost. Um 420 rétthafar í séreign hafa nýtt sér úrræðið og árið 2015 var rúmlega 157 milljónum króna ráðstafað inn á húsnæðislán þeirra.

Líkt og undanfarin ár stóð sjóðurinn fyrir kynningarfundum fyrir sjóðfélaga um upphaf

lífeyristöku. Þar var m.a. fjallað um ákvæði samþykta sjóðsins um lífeyristöku, atriði sem ráða mestu um það hvenær sjóðfélagar ákveða að hefja töku lífeyris og tengsl við lífeyri almannatrygginga. Fundirnir hafa verið vel sóttir og virðist almenn ánægja meðal fundargesta með að fá fræðslu um það helsta sem tengist þessum tímamótum.

Raunávöxtun ávöxtunarleiða í séreignardeild sjóðsins var almennt góð á árinu eða frá 1,9% upp í 5,5%. Hæst var hún á Aldursleiðum með hátt hlutfall innlendra skuldabréfa en lægst á Innlánsleið. Eign deildarinnar var 6.300 milljónir króna í lok árs og hækkaði um 428 milljónir króna þrátt fyrir útgreiðslur upp á 344 milljónir króna.


Sú jákvæða þróun hefur orðið að lífaldur fólks hefur sífellt verið að lengjast. Þetta hefur þó það í för með sér að skuldbindingar lífeyrissjóðanna aukast þar sem þeir greiða lífeyri til æviloka. Til að bregðast við þessu stendur þrennt til boða, þ.e. að hækka iðgjöld í lífeyrissjóði, draga úr lífeyrisréttindum eða hækka eftirlaunaaldur. Réttindanefnd Landsamtaka lífeyrissjóða hefur haft þetta mál til umfjöllunar og leggur til að lífeyristökualdur hækki um tvo mánuði á ári næstu 12 árin og hækki síðan um einn mánuð á ári eftir það. Lífeyristökualdur verði þannig kominn úr 67 ára aldri í 70 ár, árið 2041 hjá almennu lífeyrissjóðunum.

Stjórn og framkvæmdastjóri þakka sjóðfélögum, atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2015 og vænta þess að samskiptin verði áfram góð og gefandi.


Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Sameinaði lífeyrissjóðurinn hefur gagnsæi að leiðarljósi í starfsemi sinni og leggur mikla áherslu á að veita góðar og gagnlegar upplýsingar. Í ársskýrslunni eru birtar samtölur rekstrar alls ársins og staða um áramót en annar mikilvægur liður í miðlun upplýsinga til sjóðfélaga og hagsmunaaðila er birting mánaðarlegra rekstrarskýrslna á heimasíðu sjóðsins, lífeyrir.is. Þar eru birtar helstu rekstrartölur hvers mánaðar sem bæði eru bornar saman við fyrri ár og áætlanir hvers mánaðar.

SKIPTING LÍFEYRISGREIÐSLNA



FJÖLDI VIRKRA SJÓÐFÉLAGA



LÍFEYRISGREIÐSLUR

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2015 námu 4.892 milljónum króna og hækkuðu um 9% frá árinu áður. Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en vísitalan hækkaði um 1,6% frá miðju ári 2014 til sama tíma á árinu 2015. Lífeyrisþegum fjólgar jafnt og þétt milli ára hjá sjóðnum og var heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna 84,8% af bókfærðum iðgjöldum tryggingadeildar á árinu en þetta hlutfall var rúmlega 71% fyrir 5 árum. Skipting lífeyrisþega er þannig að í árslok 2015 fengu 4.247 greiddan ellilífeyri, 1.240 makalífeyri og 989 örorkulífeyri. Greiddur var barnalífeyrir vegna 196 barna. Meðalaldur ellilífeyrisþega í árslok 2015 var 75 ár, örorkulífeyrisþega 55,4 ár og makalífeyrisþega 77,2 ár.

IÐGJÖLD

Bókfærðar iðgjaldtekjur í tryggingadeild árið 2015 námu 5.772 milljónum króna á móti 5.407 milljónum króna árið 2014 og hækkuðu um 6,8% milli ára. Þar af nam framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði 91 milljón króna á árinu. Á árinu 2015 greiddu 9.659 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 9.225 árið áður. Í árslok áttu 38.035 sjóðfélagar, sem ekki eru farnir að fá greiddan lífeyri, réttindi í tryggingadeild. Meðalaldur virkra sjóðfélaga í tryggingadeild, sem ekki eru farnir að taka lífeyri var 44 ár.

REKSTUR OG REKSTRARKOSTNAÐUR


Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld, sem er kostnaður við ávöxtun sjóðsins, og rekstrarkostnað, sem er kostnaður við annan rekstur sjóðsins. Samtals nam þessi



FJÖLDI LÍFEYRISPEGA Í TRYGGINGAÐEILD Í ÁRSLOK



BÓKFÆRÐAR IÐGJALDATEKJUR Í TRYGGINGAÐEILD




kostnaður 382,3 milljónum króna á móti 379,1 milljón króna árið áður. Rekstrarkostnaður hækkaði því um 0,8% milli ára.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN


Tryggingafræðileg athugun sýnir að áfallin skuldbinding trygginga-
deildar er 165.374 milljónir króna í árslok 2015. Eignir á móti áfallinni
skuldbindingu námu 162.031 milljón króna og eru því áfallnar
skuldbindingar umfram eignir 3.344 milljónir króna eða -2,0%. Heildar-
skuldbinding trygginga-
deildar með framtíðariðgjöldum er 234.347 milljónir króna. Hrein eign deildarinnar til tryggingafræðilegs mats er 233.457 milljónir króna. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru því 890 milljónir króna eða -0,4% í hlutfalli af skuldbindingum.

REKSTRARKOSTNAÐUR OG FJÁRFESTINGAR- GJÖLD SEM HLUTFALL AF EIGNUM






ÁVÖXTUN ÁRANNA 2011-2015



MEÐALTAL HREINNAR RAUN-ÁVÖXTUNAR Á 10 ÁRA TÍMABILI



FJÁRMUNATEKJUR OG ÁVÖXTUN

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði lengst af fram eftir árinu en hækkaði þó aðeins aftur síðustu vikur ársins. Krafan var þó nokkuð lægri í lok árs en hún var í upphafi árs. Mjög litlar breytingar voru á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra bréfa frá upphafi til loka árs þó töluverðar sveiflur væru innan ársins.

Innlendur hlutabréfamarkaður hækkaði mjög mikið en Heildarvísitala Kauphallar hækkaði um rúm 40%, sem er mun meira en raunhæft er að ætla að haldist til lengri tíma. Gengi hlutabréfa flestra innlendra skráðra fyrirtækja hefur hækkað mikið undanfarin ár. Félögin Síminn hf., Reitir fasteignafélag hf., og EIK fasteignafélag hf. voru skráð í Kauphöll Íslands. Ávöxtun allra innlendra hlutabréfa sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands var 45,7%. Innlend hlutabréf, bæði skráð og óskráð, voru í árslok 18% af eignum tryggingadeildar og jókst hlutdeild þeirra á milli ára, einkum vegna mikilla verðhækkana.

Heimsvísitala hlutabréfa stóð því sem næst í stað á árinu, bæði mæld í íslenskum krónum og dollurum. Framan af árinu hækkaði hlutabréfaverð en um mitt ár gaf kínverski hlutabréfamarkaðurinn tóninn fyrir lækkanir á nánast öllum erlendum hlutabréfamörkuðum. Þegar árið var gert upp höfðu lækkanir fyrri hluta árs gengið til baka. Yfirgnæfandi hluti erlendra eigna sjóðsins er í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum söfnum og var ávöxtun þessara eigna í íslenskum krónum um 2,5% á árinu 2015. Aðrar erlendar eignir sjóðsins eru nær eingöngu framtakssjóðir. Í árslok voru erlendar eignir 25% af heildareignum.


Meðaltal hreinnar árlegrar raunávöxtunar sjóðsins frá stofnun árið 1992 er 4,0% og sambærileg tala fyrir síðustu fimm ár er 6,0%.

EFNAHAGUR OG VERÐBRÉFAEIGN


Í árslok 2015 nam hrein eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris 164.805 milljónum króna samanborið við 150.051 milljón króna í árslok 2014 og hækkaði því um 14.754 milljónir króna eða um 9,8%. Innlend skuldabréf námu 54,1% verðbréfaeignar, innlend hlutabréf 18,0%, erlend verðbréf 25,1% og innlán 2,8%.

Hlutabréfaeign sjóðsins er færð á markaðsvirði en skuldabréf eru færð til eignar miðað við kaupávöxtunarkröfu.


HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS




SKULDBINDINGAR OG EIGN 2011-2015 Í TRYGGINGAÐEILD



HREIN EIGN UMFRAM HEILDARSKULDBINDINGU



EIGNASAMSETNING TRYGGINGAÐEILDAR 31.12.2015



FJÁRFESTINGAR

Hrein fjárfesting fyrir tryggingaþeild nam um 12.428 milljónum króna á árinu. Hvað varðar einstaka eignaflokka var stærstum hluta ráðstöfunarfjár sjóðsins varið til fjárfestinga í innlendum skuldabréfum. Að vanda fjárfesti sjóðurinn í ríkistryggðum skuldabréfum en einnig var fjárfest í veðskuldbréfum og skuldabréfum sveitarfélaga. Innlán og laust fé hjá innlendum fjármálastofnunum voru 3.042 milljónir króna í lok árs en hluti innlána sjóðsins eru bundin innlán. Kaup sjóðsins á innlendum hlutabréfum voru umfangsminni en undanfarin ár og námu hrein kaup á innlendum hlutabréfum 1.278 milljónum króna. Viðbótarfjárfesting í erlendum hlutabréfasjóðum nam 2.596 milljónum króna. Um var að ræða fjárfestingu á greiðslum til sjóðsins úr erlendum framtakssjóðum (e. Private Equity) sem sjóðnum er heimilt að endurfjárfesta erlendis, og auk þess fékk sjóðurinn á seinni hluta ársins takmarkaða heimild frá Seðlabanka Íslands til að kaupa gjaldeyri og fjárfesta í erlendum verðbréfum. Innkallanir í erlenda framtakssjóði (e. Private Equity) voru nánast engar á árinu.

VERÐBRÉFAEIGN TRYGGINGAÐEILDAR 31.12.2015 – ÍSL. KR.

INNLEND SKULDABRÉF	millj. kr.
Íbúðabréf	33.063
Ríkisbréf	15.630
Húsbúðabréf og Húsnæðisstofnun ríkisins	2.693
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	1.536
Samtals skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	52.922
Skuldabréf sveitarfélaga	6.559
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	661
Veðskuldabréf	21.709
Veðskuldabréfasjóðir	75
Samtals veðskuldabréf	21.784
Skráð skuldabréf fyrirtækja	5.654
Óskráð skuldabréf fyrirtækja	1.945
Samtals skuldabréf fyrirtækja	7.599
Samtals skuldabréf í íslenskum krónum	89.525
INNLEND HLUTABRÉF	
Skráð hlutabréf – Kauphöll Íslands	
Icelandair Group hf.	4.982
Marel hf.	3.761
Össur hf.	2.877
Hagar hf.	1.429
Eimskipafélag Íslands hf.	1.321
Reginn hf.	1.055
Tryggingamiðstöðin hf.	963
Síminn hf.	886
N1 hf.	607
Hampiðjan hf.	595
Vátryggingafélag Íslands hf.	551
EIK fasteignafélag hf.	506
Sjóvá - Almennar tryggingar hf.	387
Reitir fasteignafélag hf.	305
Nýherji hf.	287
Fjarskipti hf.	194
HB Grandi hf.	149
Sláturfélag Suðurlands svf.	77
Samtals	20.932
Óskráð hlutabréf	
Framtakssjóður Íslands slhf.	3.114
IEI slhf.	1.382
Eyri Invest hf.	1.317
Veðskuld slhf.	995
Kjölfesta slhf.	448
Eyri Sprotar slhf.	200
Virðing hf.	189
S38 shf.	152
Foss fasteignafélag slhf.	147
Frumtak slhf.	114
Atorka Group hf.	68
Íslensk verðbréf hf.	63
Eldey THL hf.	48
Brunnur vaxtasjóður slhf.	21
Sundaboginn slhf.	20
AO fjárfestingafélag slhf.	16
Reiknistofa lífeyrissjóðanna ehf.	13
Undirbúningsfélag verðbréfa hf.	9
Eignarhaldsfélag lífeyrissj. um verðbréfaþing	4
Önnur óskráð hlutabréf	3
Samtals	8.323
Fasteignasjóðir	
Fasteignaaúður II	105

Framtakssjóðir	
Auður I	216
Brú II Venture Capital Fund	78
Samtals	294
Verðbréfasjóðir	
GAMMA NOVUS	262
Bankainnstæður í íslenskum krónum	3.042
Samtals í íslenskum krónum	122.483

VERÐBRÉFAEIGN TRYGGINGAÐEILDAR 31.12.2015 – Í ERL. MYNT

ERLEND SKULDABRÉF	millj. kr.
Skuldabréf með innl. ríkisábyrgð í erlendri mynt	526
Samtals skuldabréf í erlendri mynt	526

ERLEND HLUTABRÉF	
Opnir hlutabréfasjóðir og Kauphallasjóðir – fjárvörsluaðilar	
Vanguard Group	8.804
Schroder	3.901
J. Safra Sarasin – sérgreint safn	3.472
Nordea	2.613
State Street	2.611
Janus	2.495
Franklin Templeton	1.897
KMS Global Equity	1.618
BlackRock Developed World / Black Rock Advisors (UK) Lim.	908
Skagen Funds	774
Credit Suisse – sérgreint safn	559
J.P.Morgan – sérgreint safn	98
Samtals	29.750

Hlutabréf í félögum	
Bakkavor Group Limited	918
NWF Group PLC	883
BankNordik P/F	133
Century Aluminum Company	52
Samtals	1.986

Framtakssjóðir (Private Equity)	
Schroder Private Equity Fund of Funds, II og III	1.345
Morgan Stanley Private Markets Fund IV	1.149
Morgan Stanley Emerging Private Markets Fund of Funds	1.148
Partners Group Secondary Fund of Funds 2008	972
Partners Group Global Value 2006 Fund of Funds	924
Morgan Stanley Global Distressed Fund of Funds	775
LGT - Crown Private Equity Euro Buyout Fund of Funds	702
Blackrock - Vesey Street Private Equity Fund of Funds III	649
SVG Diamond Private Equity III Fund of Funds	638
SVG Asia Fund of Funds	474
Landsbanki Mezzanine Fund II	28
Aðrir framtakssjóðir	8
Samtals	8.812

Vogunarsjóðir – blandaðir sjóðir (Hedge Funds)	
MAN AHL Diversified	427

Skuldabréfasjóðir	
Oberon Credit Investment II S.A.	705

Fasteignasjóðir (Real Estate)	
Alþjóða fasteignasjóðurinn	137

Samtals hlutabréf í erlendri mynt	41.817
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.574
Samtals verðbréfaeign í erlendri mynt	43.917


FJÁRFESTINGARSTEFNA TRYGGINGAÐEILDAR Á ÁRINU 2015 OG RAUNTÖLUR 31. DESEMBER 2015

Innlendar eignir og fjárfestingar	Fjárfest.stefna markmið*	Rauntölur
Eign í ísl. kr., nettó	77%	73,5%
Eign í erlendri mynt, nettó	23%	26,5%
Skipting fjárfestinga		
Laust fé	1%	2,8%
Skuldabréf	63%	54,5%
Par af innlend	63%	54,1%
Par af erlend	0%	0,4%
Hlutabréf	36%	42,7%
Par af innlend	13%	18,0%
Par af erlend	23%	24,7%
Par af sérgreindar samfélagslega ábyrgar fjárfestingar	0-5%	0%

*Hver eignarflokkur er með tiltekin vikmörk

Skipting innlendra skuldabréfa sem hlutfall af fjárfestingum		
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	36%	32,1%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	5%	4,2%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	1%	0,4%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	16%	13,1%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	4,3%

ÞRÓUN EIGNASAMSETNINGAR 2005-2015



SÉREIGNARDEILD

Hrein eign séreignardeildar var 6,3 milljarðar króna í árslok 2015 og jókst um 7,3% frá fyrra ári. Vöxturinn skýrist af góðri ávöxtun og auknum iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga, en margir sjóðfélagar hækkuðu eigið framlag í séreignarsparnað þegar frádráttarbært iðgjald launþega var hækkað úr 2% í 4% 1. júlí 2014.

Útborganir úr séreignardeild voru 344 milljónir króna, þar af var rúmlega 157 milljónum króna ráðstafað inn á húsnæðislán réttthafa, sem heimilt er vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 1. júlí 2017.

Heimild til að sækja um úttekt séreignarsparnaðar á grundvelli bráðabirgðalaga rann út 31. desember 2014, en mögulegt var að dreifa greiðslum í allt að 15 mánuði. Síðustu útborganir vegna sérlaga um tímabundna úttekt séreignarsparnaðar námu 13 milljónum króna.

SÉREIGNARSPARNAÐUR 2015

	2015	2014	Breyting
Iðgjöld, án réttindaflutnings	406	331	22,7%
Lífeyrisgreiðslur	344	354	-2,8%
Par af vegna sérlaga um tímabundna úttekt	13	192	
Par af vegna sérlaga um ráðstöfun inn á húsnæðislán	157	17,5	
Hrein eign í árslok	6.300	5.872	7,3%
Fjöldi réttthafa með inneign	8.485	8.494	-0,1%

Upphæðir í millj. kr.

ÁVÖXTUNARLEIÐIR

Í Aldursleiðum færast iðgjöld réttthafa inn á ákveðna leið eftir aldri við upphaf sparnaðar og síðan færast eignin á milli leiða eftir því sem réttthafinn eldist. Með hækkanði aldri réttthafans minnkar vægi hlutabréfa en vægi skuldabréfa eykst (sjá töflu um eignaskiptingu). Einnig er hægt að velja fasta Aldursleið 1, 2, 3 eða 4 og verður þá engin breyting með aldri nema réttthafi óski þess skriflega.

Innlánsleið var stofnuð í október 2008 sem ávaxtar séreignarsparnað á verðtryggðum og óverðtryggðum innlánsreikningum.

EIGNASKIPTING SÉREIGNARSPARNADARLEIÐA Í ÁRSLOK 2015

	Aldursleið 1 16-39 ára	Aldursleið 2 40-54 ára	Aldursleið 3 55-64 ára	Aldursleið 4 65 ára +	Innlánsleið
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	27%	38%	50%	61%	
Skuldabréf sveitarfélaga	6%	8%	10%	12%	
Veðskuldabréf	8%	10%	14%	17%	
Önnur skuldabréf	1%	2%	2%	2%	
Innlend hlutabréf	7%	5%	3%		
Erlend hlutabréf	48%	32%	15%		
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3%	5%	6%	8%	100%

ÁVÖXTUN SÉREIGNARSPARNADARLEIÐA

	Ávöxtun 2015		Meðalraunávöxtun sl. 5 ár 2011-2015
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Aldursleið 1	5,9%	3,8%	6,0%
Aldursleið 2	6,7%	4,6%	5,4%
Aldursleið 3	7,5%	5,4%	4,6%
Aldursleið 4	7,6%	5,5%	3,8%
Innlánsleið	4,0%	1,9%	2,1%

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA ÁRIÐ 2015

Heildarútlán til sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2015 voru um 550 milljónir króna samanborið við 321 milljón króna árið áður. Árið 2015 voru 76 ný sjóðfélagalán afgreidd og var meðalfjárhæð um 7,2 milljónir króna samanborið við 10,0 milljónir króna árið 2014. Breytilegir vextir sjóðfélagalána lækkuðu í október úr 3,5% í 3,3% en fastir vextir héldust óbreyttir í 3,7%.

Meðfylgjandi tafla sýnir þróun nýrra sjóðfélagalána sl. þrjú ár.

Afgreidd lán	2015	2014	2013
Fjöldi lána	76	32	45
Meðalfjárhæð í milljónum króna	7,2	10,0	6,5
Heildarútlán á árinu í millj. kr.	550	321	293

LÁNSUPPHÆÐ, LÁNSTÍMI OG LÁNSKJÖR

Sjóðfélagar geta sótt um allt að 40 milljóna króna lán hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum. Veðsetningarhlutfall má vera allt að 65% af markaðsverðmæti en þó aldrei hærra en 90% af samanlögðu brunabóta- og löðamati. Lánin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs og eru eingöngu veitt gegn veði í eigin íbúðarhúsnæði. Reglur um lánsrétt var breytt á árinu. Lánsrétt hafa nú sjóðfélagar sem greiða eða hafa greitt til sjóðsins að uppfylltum öðrum skilyrðum lánareglna. Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum fast lántökugjald

óháð lánsfjárhæð, aðeins 15.000 kr. Sjóðfélagalán eru án uppgreiðslugjalds og er því heimilt að greiða inn á lánin eða greiða að fullu, hvenær sem er á lánstímanum. Lántaki á val um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

TVEIR LÁNAFLOKKAR VORU Í BOÐI Á ÁRINU 2015

- Sjóðfélagalán með föstum verðtryggðum vöxtum 3,7%
- Sjóðfélagalán með breytilegum verðtryggðum vöxtum 3,5% frá janúar til 21. október 3,3% frá 22. október

Fasteignatryggð lán til sjóðfélaga falla undir lög um neytendalán nr. 33/2013. Lögin gera ítarlegar kröfur um upplýsingagjöf bæði lánveitanda og lántaka áður en lánsamningur er gerður. Lánveitandi þarf t.d. að afhenda staðlað eyðublað um neytendalán þar sem m.a. árleg hlutfallstala kostnaðar kemur fram, upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði, og greiðsluáætlun lánsins miðað við meðalársverðbólgu síðustu 10 ára. Samanburður á árlegri hlutfallstölu kostnaðar á að auðvelda lántaka að finna út hagkvæmasta lánsstilboðið. Lántaki þarf ætíð að skila lánshæfismati með lánsúmsókn. Lánshæfismati er ætlað að veita vísbendingar um greiðslugetu í framtíðinni. Greiðslumat þarf að fylgja umsókn þegar um er að ræða lánsamning að fjárhæð 2.000.000 kr. eða hærri fyrir einstakling og 4.000.000 kr. eða hærri fyrir hjón eða sambúðarfólk.

ÁHÆTTUSTÝRING

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða ber lífeyrissjóðum skylda til að koma sér upp heildaráhættustýringu. Meginmarkmið áhættustefnu Sameinaða lífeyrissjóðsins er að stýra áhættu og stuðla að því að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni. Áhættustefnan tekur á greiningu, skipulagi, ábyrgð og eftirliti með áhættu sjóðsins. Áhætta er skilgreind sem öll þau atvik er auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum.

Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins myndar grundvöll áhættustýringarinnar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á gerð fjárfestingarstefnunnar og fer stefnan árlega fyrir stjórn til samþykktar. Fyrir utan að skilgreina fjárfestingarmarkmið og áhættuþol, er hlutverk fjárfestingarstefnu í áhættustýringu m.a. að fjalla um og greina helstu áhættuþætti sjóðsins.

Áhættumat er hluti af áhættustýringu sjóðsins. Áhættumat felst m.a. í því að skoða mikilvægi áhættuþáttar. Eru m.a. skoðuð áhrif áhættuþáttar á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, hversu virk áhættan er og hvort hægt sé að stýra henni.

Áhættueftirlit er reglubundið eftirlit með því hvernig Sameinaða lífeyrissjóðnum tekst að ná áhættumarkmiðum sínum. Niðurstöður áhættueftirlits koma fram í áhættugreiningar-

skýrslu sem er reglulega lögð fyrir stjórn sjóðsins. Allar viðbragðsaðgerðir stjórnar og starfsfólks eiga að hafa það að leiðarljósi að lágmarka áhættu til lengri tíma.

Í áhættustefnu Sameinaða lífeyrissjóðsins eru áhættuþættir flokkaðir í fimm áhættuflokka:

1. **Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta)** er hætta á fjárhagslegu tapi vegna liða bæði innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þ.m.t. breyting á vöxtum, gengi gjaldmiðla og virði hlutabréfa.
2. **Mótaðilaáhætta** er hætta á því að gagnaðili fjármála-gernings uppfylli ekki ákvæði hans, líkur eru á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti. Við mat á heildarmótaðilaáhættu skal meta mótaðilaáhættu stærstu útgefenda m.t.t. líkinda á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti.
3. **Lífeyristryggingaráhætta (skuldbindingaráhætta)** er sú áhætta að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, þ.e. greitt sjóðfélögum lífeyri.
4. **Lausafjárahætta** er hætta á því að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur.
5. **Rekstraráhætta** er áhætta vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, mistökum starfsfólks, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi sjóðsins.

28 áhættuþættir eru skilgreindir í áhættustefnu og eru hluti af áhættustýringu sjóðsins:

Fjárhagsleg áhætta	Mótaðilaáhætta	Lífeyristryggingaráhætta	Lausafjárahætta	Rekstraráhætta
Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta	Útlánaáhætta	Skerðingaráhætta	Seljanleikaáhætta	Starfsmannaáhætta
Uppgreiðsluáhætta	Samþjöppunaráhætta	Iðgjaldaáhætta	Útstreymisáhætta	Áhætta vegna svika
Markaðsáhætta	Landsáhætta	Umhverfisáhætta		Áhætta v/upplýsingatækni
Gjaldmiðlaáhætta	Afhendingaráhætta	Lýðfræðileg áhætta		Orðsporsáhætta
Ósamræmisáhætta	Uppgjörsáhætta	Réttindaflutningsáhætta		Pólitísk áhætta
Verðbólguáhætta				Skjalaáhætta
Eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings				Úrskurðaráhætta lífeyris
				Áhætta vegna útivistunar
				Upplýsingaáhætta

Hafa verður í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Stjórn og starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins meta því á hverjum tíma hvar þau telji að mesta áhættan liggir í rekstri sjóðsins og haga aðgerðum í samræmi við það.



LESTUR OG GREINING ÁRSREIKNINGS – HELSTU KENNITÖLUR

Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra ber lögum samkvæmt að semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í starfsemi sjóðsins. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrisjóðalög) skal ársreikningur hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Ennfremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild.

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. sömu laga skal ársreikningur gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Efnahagsreikningur – geymir yfirlit yfir eignir og skuldir sjóðsins.

Sjóðstreymisyfirlit (fjárstreymi) – geymir yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr sjóðnum, þ.m.t. iðgjalda- og lífeyrisgreiðslur.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris – „Hrein eign til greiðslu lífeyris“ eru heildareignir sjóðsins til að mæta heildarskuldbindingum hans í framtíðinni. Hugtakið hrein eign til greiðslu lífeyris er mikilvægt við mat á **tryggingafræðilegri stöðu** lífeyrissjóða. Meginreglan er sú að eignir og skuldbindingar verða að standast á, sbr. 39. gr. lífeyrissjóðalaganna, með ákveðnum vikmörkum þó. Ef skuldbindingar sjóðsins fara niður fyrir eða umfram eignir, sbr. þau viðmið sem lýst er í ákvæðinu, ber lífeyrissjóðnum að skerða/auka við áunnin réttindi sjóðfélaga.

Í **skýringum** með ársreikningi eru gefnar upplýsingar um nánar tiltekin atriði sem talin eru geta veitt mikilvægar upplýsingar við mat á stöðu eða afkomu sjóðsins. Dæmi um slíkar upplýsingar er yfirlit yfir helstu eignarluta sjóðsins í innlendum fyrirtækjum. Þar er einnig að finna heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og framkvæmdastjóra, sérgreint á stjórnarmenn, svo dæmi séu nefnd.

Lífeyrissjóðum er skylt að birta **yfirlit með helstu kennitölum** úr rekstri og efnahag sjóðsins í heild á reikningsárinu og fjögurra undangenginna ára. Í yfirlitinu, sem finna má í skýringum í ársreikningi, er að finna yfirlit yfir nafnávöxtun og raunávöxtun (ávöxtun umfram verðbólgu) sjóðsins, hlutfallslega skiptingu fjárfestinga eftir því hvort um er að ræða skráð eða óskráð verðbréf með breytilegum eða föstum tekjum. Þar má einnig finna upplýsingar um eignir sjóðsins í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum, fjölda sjóðfélaga og hlutfallslega skiptingu lífeyris eftir tegundum. Allar þessar stærðir eru sýndar á 5 ára tímabili svo sjóðfélagar og aðrir notendur reikningsskila geti glöggvað sig betur á hver þróunin hefur verið.

Í **skýrslu stjórnar** eiga að koma fram atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu en ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum. Í skýrslu stjórnar skal jafnframt m.a. upplýst um atburði sem verða eftir uppgjörsdag og hafa verulega þýðingu. Ennfremur skal upplýst um væntanlega þróun sjóðsins og aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Hluthafastefna

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir sem hefur góða arðsemi af hlutfjáreign sinni að leiðarljósi. Sjóðurinn leitast við að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem hann fjárfestir í á hverjum tíma. Þetta gerir hann m.a. með því að kanna hvort fyrirtæki sem fjárfest er í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum, s.s. um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn lítur svo á að hluthafar eigi, óháð stærð, að skapa stjórnendum fyrirtækja aðhald með því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þá, ýmist á hluthafafundum eða utan þeirra, s.s. með beinum samskiptum við stjórnendur. Gildir það bæði um skráð og óskráð félög. Möguleikar sjóðsins til að hafa áhrif ráðast þó eðli máls samkvæmt af eignarhaldi sjóðsins og hlutdeild í einstökum fyrirtækjum.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn mun upplýsa sjóðfélaga a.m.k. einu sinni á ári um það með hvaða hætti hann hefur rækt eigendaskyldur sínar gagnvart einstökum fyrirtækjum í samræmi við hluthafastefnuna.

HLUTHAFAFUNDIR

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi þeirra félaga sem hann á eignarhlut í. Eftir atvikum beitir hann grundvallar-réttindum hluthafa, þ.e. málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétti. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt sjóðsins á hluthafafundum eða annar sá aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæðið.

VAL Á STJÓRNARMÖNNUM

Sjóðurinn leitast við að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja eigi hann þess kost í krafti eignarhalds, ýmist einn eða í samstarfi við aðra hluthafa. Gerð er krafa til stjórnarmanna um að menntun þeirra og hæfi fái samrýmst þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur með stjórnarsetu fyrir sjóðinn og að viðkomandi stjórnarmaður hafi tíma til að rækja störf sín af heilindum. Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að fulltrúar sjóðsins í stjórnnum fyrirtækja kynni sér og tileinki sér hluthafastefnu sjóðsins. Sérstök valnefnd sem í eiga sæti framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar tilnefnir fulltrúa sjóðsins í stjórnir fyrirtækja þegar svo háttar til.

STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA

Sjóðurinn gerir þá kröfu til fyrirtækja sem hann fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum NASDAQ OMX, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í þeim tilfellum þar sem fyrirtæki fylgir ekki framangreindum reglum gerir sjóðurinn þá kröfu að fyrirtækið upplýsi hluthafa um ástæður þess að vikið er frá reglunum („fylgið eða skýrið-reglan“).

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Sjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principles for Responsible Investment). Samkvæmt þeim hefur sjóðurinn m.a. skuldbundið sig til þess að horfa til umhverfislegra og félagslegra þátta við fjárfestingar sínar. Einn liður í því er að horfa til þess hvort fyrirtæki hafi innleitt stefnu um samfélagsábyrgð. Lykilhugtök í slíkri stefnu eru viðskiptasiðferði, umhverfismál, vinnuvernd, mannréttindi og aðgerðir gegn spillingu. Í þeim tilvikum þar sem fyrirtæki hafa ekki innleitt slíka stefnu hvetur sjóðurinn fyrirtæki til að gera slíkt. Sjóðurinn upplýsir jafnframt erlenda sjóði og verðbréfa-fyrirtæki um aðild sína að reglum SP og gerir þá kröfu til þeirra að þeir horfi til reglnanna við fjárfestingar sínar.

STARFSKJÖR STJÓRNENDA

Sjóðurinn gerir þá kröfu að gætt sé hófs við ákvörðun starfskjara stjórnenda og horft sé m.a. til stærðar og umfangs rekstursins og launadreifingar innan viðkomandi fyrirtækis. Sjóðurinn gerir jafnframt þá kröfu að breytilegum starfskjarabáttum sem rúmast innan starfskjarastefnu, s.s. hvers konar árangurstengdum greiðslum og kaup- og söluréttum hlutabréfa, sé stillt í hóf. Samþykkt á fundi stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins 22.10.2014.

Stjórnháttayfirlýsing vegna ársins 2015

Sameinaði lífeyrissjóðurinn (SL) starfar skv. samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi og staðfestar eru af fjármálaráðuneytinu, sbr. lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfsemi hans er starfsleyfislykild, en sjóðurinn fékk starfsleyfi 4. mars 1999. Lífeyrissjóðir með fullgilt starfsleyfi eru skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. staflíð b í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

LÖG, REGLUR OG LEIÐBEINANDI VIÐMIÐ

Lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og reglur FME sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum, *Réttarheimildir*.

Samþykktir SL, innri reglur og leiðbeinandi viðmiðunarreglur sem sjóðurinn fylgir, má finna á heimasíðu sjóðsins undir flípanum, Um sjóðinn/stjórn og stjórnarhættir. Þar má m.a. finna, hluthafa- og eigendastefnu, jafnræðisáætlun, samskipta- og siðareglur og reglur SP um ábyrgar fjárfestingar.

HELSTU ÞÆTTIR INNRA EFTIRLITS OG ÁHÆTTUSTÝRINGARKERFA SL

Skv. 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs m.a. að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Skv. reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða er innra eftirlit skilgreint sem: „Sérhver aðgerð af hálfu stjórnenda, stjórnar og starfsmanna til að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendur undirbúa, skipuleggja og stjórna þeim aðgerðum sem þörf er á innan fyrirtækis eða stofnunar til að veita hæfilega vissu fyrir að settum markmiðum verði náð.“

Innra eftirlit SL birtist m.a. í verklagsreglum sjóðsins og innri ferlum sem sett hafa verið um alla þætti í starfsemi hans, þ.m.t. bókhald, iðgjöld, lífeyri, veðskuldabréf, eignastýringu, rekstur og skjalastjórnun. Allir ferlar og verklagsreglur eru skráðar rafrænt í FOCAL gæðahandbók sjóðsins (Skjóðan).

Regluvörður sjóðsins hefur eftirlit með viðskiptum stjórnarmanna og stjórnenda SL með fjármálagerninga, auk þess sem hann heldur utan um upplýsingar um eignarhald þeirra í félögum og trúnaðarstörf þeirra fyrir félög.

Skv. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, ber stjórn lífeyrissjóðs að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins.

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða og nr. 2/2013 um áhættu-

stýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar. Á grundvelli tilmællanna hefur SL sett sér áhættustefnu þar sem skilgreindar eru þær áhættur sem fylgja starfseminni og ásættanleg mörk sett eftir því sem við á.

Í áhættustefnu Sameinaða lífeyrissjóðsins eru áhættuþættir flokkaðir í fimm áhættuflokka:

1. Fjárhagsleg áhætta
2. Mótaðilaáhætta
3. Lífeyristryggingaráhætta
4. Lausafjárahætta
5. Rekstraráhætta

Megináhættuflokkarnir skiptast síðan í undirflokka í samræmi við tilmæli FME.

Áhættustefna SL greinir frá umfangi heildaráhættustýringar hjá sjóðnum og skipulagi, umsjón og ábyrgð á framkvæmd hennar. Mat á áhættuþáttum er tvískipt, annars vegar mat á mikilvægi sem m.a. ræður tíðni mælinga og hins vegar viðmið áhættuþátta sem fjallað er um í fylgiskjali við fjárfestingarstefnu.

Áhættueftirlit er reglubundið eftirlit sem lýtur að því hvernig SL tekst að ná markmiðum sínum. Stjórn sjóðsins og starfsmenn taka virkan þátt í því og er það óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi SL. Niðurstöður áhættueftirlits eru settar fram í áhættugreiningarskýrslu og er samantekt lögð fyrir stjórn ársfjórðungslega.

SAMSETNING OG STARFSEMI STJÓRNAR, FRAMKVÆMDASTJÓRNAR OG EFTIRLITSSTJÓRNAR OG NEFNDA ÞEIRRA

Stjórn: Sjá bls. 17 í ársskýrslu 2015.

Um starfsemi stjórnar vísast einkum til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Framkvæmdastjórn sjóðsins skipa:

Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri
Ólafur Haukur Jónsson, forstöðumaður rekstrarsviðs
Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir, forstöðumaður verðbréfa- og áhættustýringar

Áheyrnarfulltrúar í framkvæmdastjórn:

Kristján Geir Pétursson, forstöðumaður lögfræðisviðs
Loftur Ólafsson, forstöðumaður eignastýringar

Meginhlutverk framkvæmdastjórnar er að fjalla um þá þætti í starfsemi sjóðsins sem lúta að fjárfestingum.

Endurskoðunarnefnd: Sjá bls. 17 í ársskýrslu 2015.

Um starfsemi endurskoðunarnefndar vísast til IX, kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn

Valdir fulltrúar stéttarfélaga á ársfundi:

Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
Gylfi Ingvarsson
Unnur María Rafnsdóttir
Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður

Til vara:

Garðar A. Garðarsson
Hilmar Harðarson
Hrönn Jónsdóttir

Skoðunarmaður:

Ólafur Axelsson

Til vara:

Hörður Runólfsson

Skipaðir af framkvæmdastjórn

Samtaka atvinnulífsins:

Bolli Árnason
Guðrún Jónsdóttir
Hanna Þórunn Skúladóttir
Jón Bjarni Gunnarsson, formaður

Til vara:

Dagmar Viðarsdóttir
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir
Hannes Björnsson
Jón Sigurðsson

Skoðunarmaður:

Guðmundur Ásgeirsson

Til vara:

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Löggiltur endurskoðandi:

Árni Snæbjörnsson, Ernst & Young

Innri endurskoðandi:

Helga Harðardóttir, KPMG

Endurskoðunarnefnd:

Rósa Steingrimsdóttir, formaður
Georg Páll Skúlason
Hanna Þórunn Skúladóttir

Tryggingastærðfræðingur:

Bjarni Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

Starfsfólk

Árni Vignir Pálmason
tölvunarfræðingur

Birna Vilhjálmsdóttir
lífeyrismál

Björk Ingvarsdóttir
verðbréf

Guðrún Iðunn Jónsdóttir
skráning iðgjalda, bókhald

Hafdís Anna Bragadóttir
markaðsmál og þjónusta

Hjördís Björnsdóttir
lífeyrismál

Hrefna Sigurðardóttir
bókhald

Ingibjörg Ágústa Magnúsdóttir
matráður

Kristján Geir Pétursson
forstöðumaður lögfræðisviðs

Kristján Örn Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Loftur Ólafsson
forstöðumaður eignastýringar

Ólafur Haukur Jónsson
forstöðumaður rekstrarsviðs

Óskar Magnússon
ráðgjafi

Sigríður Snorradóttir
ráðgjafi

Sigrún Gröndal
skráning iðgjalda

Sigprúður Jónasdóttir
lífeyrismál, gæðastjórnun

Svanheiður Ingimundardóttir
innheimta iðgjalda

Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir
forstöðumaður verðbréfa og áhættustýringar

Trúnaðarlæknir:
Guðjón Baldursson





ÁRSREIKNINGUR
SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS
2015



Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins námu alls 4.834 millj. kr. sem er 9% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 6.524.

Á árinu greiddu 9.659 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 9.225 árið áður sem er 4,7% aukning milli ára. Iðgjöld deildarinnar námu alls 5.772 millj. kr. sem er 6,8% aukning frá árinu áður.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 19.263 millj. kr. á árinu 2015 og vísast til ársreiknings um skiptingu fjárfestingarinnar. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 9,2% og raunávöxtun 7,1%. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 171.106 millj. kr. í lok árs og hækkaði um 15.182 millj. kr. frá árinu 2014 eða um 9,7%.

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs sýnir að eign tryggingadeildar til tryggingafræðilegs mats er 233.457 millj. kr. Heildarskuldbinding er 234.347 millj. kr. og er því skuldbinding umfram eignir 890 millj. kr. eða 0,4%.

Skuldabréfaeign sjóðsins er metin á upphaflegri kaupkröfu í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Skuldabréfaeign Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2015 er bókfærð á 95.108 millj. kr. en gangvirðið á sama tíma í árslok 99.942 millj. kr. Óbókfærður óinnleystur gengishagnaður nam því 4.833 millj. kr. í árslok 2015.

Launagreiðslur til starfsmanna, stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 173 millj. kr. á árinu. Stöðugildi voru 18 í lok árs.

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins staðfestir ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. mars 2016

Stjórn:

Jón Bjarni Gunnarsson, formaður
 Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður
 Bolli Árnason
 Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
 Guðrún Jónsdóttir
 Gylfi Ingvarsson
 Hanna Þórunn Skúladóttir
 Unnur María Rafnsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sameinaða lífeyrissjóðsins. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík 23. mars 2016

Ernst & Young ehf.

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson
kjörinn skoðunarmaður

Ólafur Axelsson
kjörinn skoðunarmaður

Áritun tryggingastærðfræðings

Ég hef metið lífeyrisskuldbindingar Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2015. Matið er framkvæmt í samræmi við viðurkenndar reglur um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum, lög nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 391/1998 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum.

Teljast áfallnar skuldbindingar tryggingadeildar 2,0% umfram eignir og heildarskuldbindingar 0,4% umfram eignir þegar tekið er tillit til verðmætis framtíðariðgjalda þeirra sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins á árinu 2015 og skuldbindinga sem ætlað er að af þeim muni stofnast.

Ákvæði laga nr. 129/1997 gera ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé skylt að grípa til aðgerða þegar halli eða eignir umfram skuldbindingar sem hlutfall heildarskuldbindinga reiknast 5%, eða meira fimm ár í röð, eða 10% í eitt sinn. Sameinaða lífeyrissjóðnum er því ekki samkvæmt lögum skylt að grípa til aðgerða vegna tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2015.

Reykjavík 23. mars 2016

Bjarni Guðmundsson
tryggingastærðfræðingur

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Skýr.	2015	2014
IÐGJÖLD			
	2.7, 3		
Iðgjöld sjóðfélaga		2.097.955	1.923.699
Iðgjöld launagreiðenda		3.987.933	3.724.025
Sérstök aukaframlög		90.628	93.183
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(29.180)	(33.193)
		6.147.336	5.707.714
LÍFEYRIR			
	2.10, 4		
Lífeyrir tryggingadeildar		4.834.121	4.434.868
Lífeyrir séreignardeildar		344.327	354.330
Umsjónarnefnd eftirlauna		(2.462)	(3.366)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		60.750	56.056
		5.236.736	4.841.888
FJÁRFESTINGARTEKJUR			
	5		
Tekjur af eignarhlutum	2.8, 5.1	7.662.580	2.066.457
Tekjur af húseignum og lóðum		182	90.865
Vaxtatekjur og gengismunur	2.9, 5.2	6.934.745	8.520.546
Breytingar á niðurfærslu	5.3	56.256	247.778
		14.653.763	10.925.646
FJÁRFESTINGARGJÖLD			
	2.11, 6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		195.025	185.491
Önnur fjárfestingargjöld		8.677	10.541
		203.702	196.033
REKSTRARKOSTNAÐUR			
	2.11, 6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		178.607	183.046
		178.607	183.046
